



Lágafellsskóli

Valbók 2021-2022
10. bekkur
Námslýsingar
valáfanga

Yfirlit námslýsinga

Leiðbeiningar	4
Heilsársval	5
Val utan skóla	5
Árbók	5
Enski boltinn	6
Leiklistarklúbbur Bólsins	6
Listnám - Borgarholtsskóla	6
Málmsmíði - Borgarholtsskóla	7
Myndmennt	8
Náttúrufræðigreinar	9
Skrautskrift	9
Skólahreysti	9
Stærðfræði 105	10
Hálfsársval	11
Boltaval	11
Fatasaumur-vélsaumur- hönnun	11
Fjarviddarteikning	11
Gítar	12
Golf – nemendur verða að eiga búnað	12
Graffk	12
Graffsk hönnun	13
Hárgreiðsla	14
Heimanám	15
Heimilisfræði	15
Hraðlestur	15
Hönnun og tölvuteikning	16
Íþróttافرæði	16

Valbók 2021-2022	Lágafellsskóli
Jiu- jitsu	17
Jólaval	17
Kjaftað um kynlíf	17
Kvikmyndir	18
Líkamsrækt	18
Ljósmyndun og stafræn myndvinnsla	18
LOTR – Lord Of the Rings	19
Mósaík	19
Myndvinnsla í Gimp (svipað Photoshop)	20
Núvitund og slökun	21
Nytjaprjón	21
Spáð og spekúlerað	22
Spilum saman	22
Spænska – byrjendur	22
Stíll hönnunarkeppni í samstarfi við félagsmiðstöðina Bólið-Lágó	23
Stærðfræði - grunnur	23
Útivist	23
Vatnslitamálun	24
Vélmennaforritun	24
Ökufraði – fornám að ökuprófi 10. bekkur	25
Vinnustaðaval	25

Leiðbeiningar

Nemendur í 10. bekk þurfa að hafa sex kennslustundir á viku í valgreinum. Í valbókinni eru lýsingar á öllum þeim valáföngum sem nemendum stendur til boða.

Val nemenda hefur áhrif á skipulag skólastarfsins og því verða breytingar á vali ekki mögulegar þegar skóli hefst í haust. Það skal tekið fram að aðstæður geta valdið því að ekki verði unnt að verða við öllum óskum nemenda um fyrsta valáfanga og mun þá næsti kostur verða valinn og síðan koll af kolli.

Einnig getur verið að einhverjir valáfangar verði ekki kenndir vegna þess að ekki eru margir sem velja þá áfanga.

Vali þarf að vera lokið í síðasta lagi 3. júní 2021

Heilsársval

Val utan skóla

Í Aðalnámskrá Grunnskóla segir:

Skipulagt nám og íþróttaiðkun utan skóla metið sem valgrein

Í lögum um grunnskóla frá 2008 segir: „Heimilt er að meta skipulagt nám sem stundað er utan grunnskóla, t.d. við tónlistarskóla, sem hluta af grunnskólanámi samkvæmt nánari útfærslu í aðalnámskrá grunnskóla. Stundi nemandi slíkt nám er viðkomandi sveitarstjórn ekki skylt að standa straum af kostnaði sem að því leiðir þótt námið njóti viðurkenningar í stað skyldunáms. Jafnframt er heimilt að meta tímabundna þátttöku í atvinnulífi, félagslífi, íþróttum eða skipulögðu sjálfböðastarfi sem nám, enda falli það að markmiðum skólustarfs“.

Dæmi um skipulagt nám og íþróttaiðkun sem skólastjóri Lágafellsskóla mun samþykkja að meta til valgreina er: skipulagt tónlistarnám, íþróttaiðkun s.s. fótboldi, körfubolti, handbolti, frjálsar íþróttir, karate, badminton, fimleikar, hestasport og samkvæmisdans. Einnig er samþykkt listnám eins og ballett, myndlist og leiklist. Sjálfböðaliðsstarf eins og skipulagt starf í björgunarsveit og skátum er einnig metið.

Hver grein samsvarar tveimur kennslustundum á viku í vali. Hver nemandi getur fengið mest fjórar kennslustundir metnar á viku stundi hann íþróttir/nám í tveimur aðskildum greinum.

Hyggist nemandi fá ofangreint metið þarf hann að merkja við það sérstaklega á valblaði sínu þegar hann velur fyrir næsta skólaár. Nemandinn þarf síðan að skila á skrifstofu skólans staðfestingu frá viðkomandi íþróttafélagi/ skóla.

Val nemenda hefur áhrif á skipulag skólustarfsins og því verða breytingar á vali ekki mögulegar þegar skóli hefst í haust. Það skal tekið fram að aðstæður geta valdið því að ekki verði unnt að verða við öllum óskum nemenda um fyrsta valáfanga og mun þá næsti kostur verða valinn og síðan koll af kalli.

Árbók

Tímamagn: Ein kennslustund á viku.

Lýsing: Nemendur búa til árbók fyrir útskriftarnemendur.

Markmiðið er að nemendur kynnist sjálfstæðum og skapandi vinnubrögðum í samvinnu við aðra og tileinki sér lausnamiðaða nálgun.

Hæfniviðmið:

- Notað sjálfstætt og í samvinnu með öðrum fjölbreytta miðla við skipulag, nýsköpun og þróun og framsetningu upplýsinga og hugmynda.
- Tekið frumkvæði í námi sínu og verið sjálfstæður og ábyrgur í vinnubrögðum.
- Tekið leiðsögn og gagnrýni á uppbyggilegan hátt og að sama skapi sett eigin gagnrýni uppbyggilega fram.

Námsmat:

Símat og jafningjamat. Lokaeinkunn gefin í bókstöfum.

Enski boltinn

Tímamagn: Ein kennslustund á viku.

Lýsing: Innsýn í enska boltann frá hinum ýmsu sjónarhornum t.d. ýmis tölfræði efri og neðri deildar. Árangur einstaklinga og liða, leikgreining og eldri leikir.

Markmið:

- að nemandi geti myndað sér hlutlausa skoðun um ýmsa leiki og atburði

Kennsluaðferðir: Skoðaðar verða svipmyndir frá leikjum helgarinnar.

Námsefni: Leikir í efri og neðri deildum.

Námsmat: Virkni í tímum, skýrsluskil og önnur verkefni.

Leiklistarklúbbur Bólsins

Tímamagn: Tvær kennslustundir á viku.

Lýsing: Leiklistarklúbbur Bólsins er nýtt valfag. Hann er fyrir þá sem vilja stíga út fyrir þægindarammann, læra sprenghlægilega leiki og kynnst sjálfum sér í ótrúlegustu aðstæðum. Getur þú haldið andliti meðan að vinur þinn reynir að láta þig hlæja? Kanntu að leika blindan túrista án þess að gefa frá þér hljóð? Þegar allir eru orðnir öryggir með sig innan hópsins verður sett upp leikrit sem endar í flottri sýningu fyrir Mosfellinga.

Skráðu þig í Leiklistarklúbbinn og við skulum komast að því hvaða manneskju þú hefur að geyma bak við skelina!

Listnám - Borgarholtsskóla

Tímamagn: Fjórar kennslustundir á viku.

Kennarar við listnámsbraut Borgarholtsskóla bjóða uppá spennandi áfanga fyrir nemendur í 10. bekk.

Nemendur fá kynningu á þremur kjörsviðum listnámsbrautar skólans og tækifæri til að reyna sig við listgreinarnar undir leiðsögn fagfólks. Hver listgrein verður kennd í tveimur lotum og lotur hvers sviðs kenndar til skiptis.

Grafísk hönnun

Í grafíska hlutanum kynnst nemendur teikningu, lita- og formfræði og tengingu sjónlista við grafíska hönnun. Nemendur fá einnig grunn í hreyfimyndagerð og þjálfun í stafrænni vinnslu. Kennsla beinist að því að hjálpa nemendum að tileinka sér þekkingu og leikni með framsetningu myndmáls og hæfni bæði til að beita myndmáli og skilja mikilvægi og samhengi þessi í nútíma samfélagi.

Leiklist

Með leikgleði, samvinnu og skapandi hugsun að leiðarljósi munu kennarar fara yfir undirstöðuatriði leiklistar sem listgreinar. Nemendur kynnst sögu

leikhússins, mismunandi aðferðarfræði þess. Nemendur gera spunaæfingar og sviðsetja stutt leikin atriði. Nemendur munu fá innsýn inn í fjölbreytt störf leikhússins og kvikmyndageirans og í leiðinni efla með sér sjálfstraust og örugga framkomu.

Innsýn í skapandi kvikmyndagerð

Bíómyndir, sjónvarpsefni, tónlistarmyndbönd, auglýsingar, fréttir og beinar útsendingar.

Í áfanganum fá nemendur að kynnst mismunandi hliðum kvikmyndagerðar. Farið verður í grunnþætti við undirbúning, kvikmyndatöku og úrvinnslu auk þess sem nemendur læra að nýta tæknina til sköpunar og fá að spreyta sig á helstu tæknistörfum í myndveri. Kvikmyndagerð er í eðli sínu hópvinna og lögð er áhersla á mikilvægi samvinnu til að ná sameiginlegum markmiðum.

Málmsmíði - Borgarholtsskóla

Tímamagn: Fjórar kennslustundir á viku.

Lýsing:

- Nemendum kennd notkun almennra handverkfæra
- Nemendum kennd notkun algengra véla við málmsmíði, s.s. suðutækja, rennibekkja og borvéla
- Nemendur æfðir í meðhöndlun og formun efnis með eða án spóntöku ásamt léttum suðuæfingum. Nemendur æfðir í samsetningum á efnum, með eða án suðu.

Náminu verður skipt í fjóra meginflokka en þeir eru: Blikksmíði, vélfræði, rennismíði og logsuða. Bóklegt námsefni ofangreindra flokka fá nemendur afhent frá kennara eftir því sem við á. Unnið er samkvæmt kennsluáætlun sem afhent er í fyrsta tíma. Nemendur sjá m.a. myndbönd um hvað ber að varast við logsuðu og einnig myndband um mótör.

- Í blikksmíði smíða nemendur verkfærakistu úr áli, kynnst hnoðun og öllum almennum vélum og handverkfærum. Verkfærakistan verður skylduverk, nemendur smíða líka eigulegan smíðahlut. Þeir læra að merkja upp, klippa úr, kynnst vinnuteikningum, útflatningi og beygja efni þannig að úr verður verkfærakista.
- Í málmsuðu fá nemendur tilsögn í logsuðu, kveikingum, lóðningu, rafsuðu og mig-suðu. Nemendur smíða tvö skylduverkefni þ.e. stækkaða mynd af tening og upptakara sem er eftirlíking af hundi. Nemendur hanna sjálfir útlit hundsins eða smíða eftir fyrirmynd, þannig að til verða mismunandi gerðir. Nemendur lóða saman rafmagnsvíra samkvæmt tilsögn og geta t.d. búið til ólympíuhringina.
- Í vélfræði eru þrjú skylduverkefni. Nemendur taka í sundur blöndung, þrífa hann upp og setja saman. Startari eða altenator tekinn í sundur, skoðaður og settur saman og sláttuvélamótör er tekinn í sundur, ventlar slípaðir og settir saman.
- Í rennismíði renna nemendur æfingastykki samkvæmt tilsögn kennara. Þeir læra að slípa rennistál. Nemendur vinna tvö skylduverkefni, kjörnara sem er verkfæri og laxarotara úr messing. Þannig kynnst þeir tveimur af efnunum og mismunandi eiginleikum þeirra.

Áður en nemendur byrja að vinna að verkefnum er farið vandlega í öryggismál. Nemendum er kynntur vinnustaðurinn og það að umgangast vélar, verkfæri og umhverfi þannig að ekki stafi hætta af. Nemendur fá afhent námsefni frá kennara um öryggismál, sýndar glærur og myndbönd um hvað ber að varast við logsuðu. Þessum þætti námsins

Lýkur síðan með sérstöku prófi í öryggismálum þar sem nemandi þarf að sýna fram á að hann sé ekki sjálfum sér né öðrum hættulegur. Ef útkoma prófsins er í lagi getur nemandi byrjað að vinna að verkefnum. Þegar nemendur hafa lokið skylduverkefnum þá smíða þeir hlut að eigin vali. Tilgangurinn er að nemendur nýti sér þá þekkingu og færni sem þeir hafa yfir að ráða eftir að hafa farið í gegnum áður nefnda meginflokka námsins. Ef tími vinnst til eiga nemendur kost á að smíða úr eir á seinni önninni. Nemendur geta ef þeir standa sig smíðað aukastykki í þremur af fjórum þáttum (öllum nema vélfræði). Ef nemendur koma síðan í frekar nám fá þeir 2 einingar metnar inn í sinn námsferil.

Markmið:

- Að nemendur eigi auðveldara með að velja nám þegar í framhaldsskólann er komið
- Að nemendur kynnist undirstöðubáttum í notkun ýmissa handverkfæra
- Að nemendur kynnist undirstöðubáttum í notkun ýmissa véla
- Að nemendur læri að þekkja og vinna með ýmsar tegundir málma
- Að efla skilning nemenda á vélum og verkfærum svo þeir átti sig á gildi verklegrar kunnáttu í leik og starfi
- Að læra rétt handtök og vinnubrögð þannig að sjálfstraust aukist við að takast á við einföld verkefni
- Að skilningur og færni í verklegum greinum komi nemendum að notum nú eða síðar

Námsmat: Verkefni og próf frá Borgarholtsskóla

Myndmennt

Tímamagn: Tvær kennslustundir á viku.

Lýsing: Nemendur vinna hefðbundna uppbyggingu á myndlistarnámi, með áherslu á hugmyndavinnu, ítarlega skissugerð, verklega útfærslu og skil. Skissuvinnan er afar mikilvæg og er ætlast til að nemendur skissi reglulega í skissubókina.

Markmið: Að nemandi:

- læri grunninn í almennri teikningu
- þroski með sér frumkvæði og skapandi hugsun
- þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum
- velti fyrir sér fagurfræði og hugmyndafræði myndlistar
- þjálfist gagnrýna hugsun gagnvart eigin verkum og annarra listamanna

Kennsluaðferðir:

- innlöggn, kynning og umræður um verkefni dagsins
- einstaklingskennsla
- hópvinna
- vettvangsferðir

Náttúrufræðigreinar

Tímamagn: Tvær kennslustundir á viku.

Lýsing: Námið er hugsað sem viðbót fyrir áhugasama nemendur um náttúrugreinar og þá sem vilja dýpka skilning sinn á greininni og vera betur undirbúnir fyrir nám í framhaldsskóla.

Kennsluhættir: Lögð verður áhersla á sjálfstæð vinnubrögð við öflun upplýsinga, lausnir verkefna og verklegar æfingar (tilraunir).

Námsmat: Verklegar æfingar og skýrslur, bókleg verkefni unnin í tíma, ástundun og vinnubók.

Skrautskrift

Tímamagn: Tvær kennslustundir á viku.

Lýsing: Stiklað er á stóru í gegnum sögu leturs, pappírs og skriftar. Nemendur læra grunnatriði handskriftar, kynnast nokkrum gerðum skriftar og æfa þær. Nemendur læra að nota skrautskriftarpenna og kynnast kortagerð og uppsetningu á þeim. Veraldarvefurinn verður notaður í sýnikennslu ásamt öðrum námsgögnum.

Markmið: Að nemandi:

- læri að meta gildi handskriftar
- þekki og skrifi nokkrar gerðir leturs
- geti beitt grunnaðferðum í skrautritun ásamt þekkingu þeirra í litafræði, myndbyggingu og frásögn.
- geti sett upp vönduð tækifæriskort, veggspjöld o.þ.h.

Kennsluaðferðir: Verklegar æfingar

Námsefni: Skriftarhefti

Námsmat: Verkefni nemenda og vinna í kennslustundum eru metin ásamt sjálfstæði í vinnubrögðum. Metið verður hvernig nemendur hafa tileinkað sér vinnubrögð við útfærslu hugmynda sinna. Meta þróun og úrvinnslu hugmynda, frumleika, sjálfstæði, tæknilega færni og framfarir.

Skólahreysti

Tímamagn: Ein kennslustund á viku (þegar nær dregur keppni má búast við fleiri æfingum)

Markmið:

- Efla hreyfingu og styrk. Í byrjun eru kenndar æfingar sem efla tækni, þol og styrkleika. Ýmsar mælingar á þessum þáttum verða framkvæmdar. Þegar líður á veturinn verður farið í meiri sérhæfingu þar sem nemendur velja sínar greinar sem þeir hyggjast keppa í.

Kennsluhættir: Verkleg kennsla í íþróttahúsi og skólahreystibraut, auk vettvangsferða.

Námsefni: Sýnikennsla, myndbönd og fleira.

Námsmat: Mæting og virkni í tímum.

Keppnisgreinar:

Stelpur – Hreystigreip, armbeygjur og hraðabraut

Strákar – Dýfur, upphíringar og hraðabraut.

Stærðfræði 105

Í boði fyrir nemendur í 10. bekk sem eru með einkunnina B+ í 9. bekkjar stærðfræði.

Tímamagn: Tvær kennslustundir á viku í Lágafellsskóla

Lýsing: Námskeiðið er góður auka undirbúningur í stærðfræði fyrir framhaldsskólann. Í áfanganum er fjallað um veldi, rætur og brotaveldi, grundvallaratriði algebru, jöfnur, hnitakerfi, jöfnu beinnar línu, rúmfræði, hlutföll og hornaföll í rétthyrndum þríhyrningi.

Markmið: að nemendur geti:

- Leyst dæmi með almennum brotum bæði með bókstöfum og tölum
- Þekki og geti nýtt sér þær reiknireglur sem gilda um veldi, brotaveldi og rætur bæði með tölum og bókstöfum
- Einfaldað, þáttað og liðað stæður
- Einfaldað og leyst jöfnur og jöfnuhneppi og sett orðadæmi upp sem jöfnur
- Þekkt jöfnu beinnar línu og unnið með útreikninga tengda henni
- Geti nýtt sér hornföll við útreikninga á hliðarlengdum og hornum í rétthyrndum þríhyrningum

Námsmat: Verkefni og próf.

Hálfsársval

Boltaval

Tímamagn: Tvær kennslustundir á viku.

Lýsing: Kynntar verða leikreglur í fótbolta, handbolta, körfubolta og blaki. Tækni verður þjálfuð í áður nefndum boltagreinum með því að nemendur spila greinarnar.

Námsmat: Ástundun og virkni.

Fatasaumur-vélsaumur- hönnun

Tímamagn: Tvær kennslustundir á viku.

Hugmyndir að verkefnum og lýsing: Ýmislegt tengt textíl, nemendur fá að velja sér verkefni s.s. fatasaumur (læri að taka upp snið, leggja snið á efni, sníða og klippa og sauma flík), prjón, útsaumur, þæfing/þurrþæfing, tie dye og tauprykk, unnið með textílliti, form og skapalón, band, og teygjur og ýmislegt fleira. Að endurnýta, endurskapa og endurhanna. Kynnist hugtakinu sjálfbærni í textíliðnaði. Hanna/skapa ný efni með nýjum aðferðum og útfæra nýjar lausnir í fatnaði og nytjahlutum. Nemendur velji verkefni eftir getu hvers og eins. Smá verkefni í lokin í skartgripagerð.

Markmið: Mikil áhersla er að nemandi geti unnið **sjálfstætt** og geti beitt fyrri **þekkingu** við vinnu sína. Sýni fram á **frumkvæði** og **skapandi** hugsun og góða **færni**.

Kennsluáferðir: Innlögn. Einstaklingskennsla og einstaklingsvinna að mestu, hópavinna og umræður. Heimsókn í textíildeild HÍ, (**á vorönn**) og reynt að fara á sýningar/söfn.

Námsmat: Áhersla er lögð á sjálfstæði og góðan frágang verkefna. Verkefni metin jafnt yfir tímabilið samkvæmt hæfniviðmiðum textílmenntar í skólanámskrá.

Fjarvídarteikning

Tímamagn: Ein kennslustund á viku.

Lýsing: Nemendur kynnist því hvernig fjarvíd er notuð til að ná fram þrívíddar áhrifum og dýpt í myndum og teikningum og þjálfist í að teikna myndir með einum og fleiri hvarfpunktum. **Þetta valfag er stærðfræðitengt**

Markmið: Að nemandi:

- læri grunninn í almennri fjarvídarteikningu
- þjálfist í að teikna myndir með einum og fleiri hvarfpunktum
- þjálfist í nákvæmum og vönduðum vinnubrögðum

- Þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum

Kennsluaðferðir: Innlögn og verkefnavinna (teikningar)

Gítar

Tímamagn: Ein kennslustund á viku.

Lýsing: Gítarkennsla ætluð byrjendum.

Markmið:

- að nemendur læri undirstöðuatriði gítarspils

Kennsluaðferðir: verkleg hópkenndsla.

Námsefni: Nemendur fá gítar til afnota í tímanum og kennsluefni frá kennara.

Námsmat: Mæting og árangur.

Golf – nemendur verða að eiga búnað

Tímamagn: Tvær kennslustundir á viku að jafnaði.

Staðsetning: Golfklúbbur GM, Básar Grafarholt.

Lýsing: Verklegar golfæfingar með undirmarkmiðum. Nemendur munu skoða afreksmenn í íþróttinni frá mörgum sjónarhornum. Farið verður í golfreglurnar þannig að nemendur geti nýtt sér reglubókina til fulls á leikvellingum.

Markmið:

- að auka kunnáttu nemenda á golfíþróttinni.

Kennsluaðferðir: Verklegar æfingar og bókleg kennsla.

Námsefni: Útvegað af kennara.

Búnaður: Nauðsynlegt er að nemandi eigi búnað og hafi áhuga.

Námsmat: Nemendur verða metnir út frá verkefnum sem þeir skila inn á önninni. Gefið verður fyrir í bókstöfum. Ætlast er til að nemendur sinni sínum viðfangsefninu af áhuga.

Grafík

Tímamagn: Tvær kennslustundir á viku.

Lýsing:

- Hellamálverk - handþrykk/líkami/fingrafar/koss
- Kart. Þrykk - Munstur vinna/þrykk
- Límþrykk - lím á blað/línuteikning/þrykk

- Einþrykk - Mála á glerplötu/leggja blað ofaná/þrykkja/heitt og kalt
- Dúkur - 1. Litur /fínt og gróft
- Dúkur - 3. Litir/svart,hvít, 1. Litur.
- Tré - veður/stemning
- Þurrnál - frjáls teikning/texti
- Tölvuþrykk - unnin ljósmynd/teikning í tölvu/setja á A4/Strauja á hvítan bol.
OSOMA- DEAD-NAKTI APINN

Markmið: Að nemandi:

- læri grunninn í almennri grafíkvinnu
- þroski með sér frumkvæði og skapandi hugsun
- þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum
- velti fyrir sér fagurfræði og hugmyndafræði myndlistar
- þjálfir gagnrýna hugsun gagnvart eigin verkum og annarra listamanna

Kennsluaðferðir:

- innlögn, kynning og umræður um verkefni dagsins
- einstaklingskennsla
- hópvinna
- vettvangsferðir

Námsmat:

Metið verður hvernig nemendur hafa tileinkað sér vinnubrögð við útfærslu hugmynda sinna. Meta þróun og úrvinnslu hugmynda, frumleika, sjálfstæði, tæknilega færni og framfarir.

Grafísk hönnun

Tímamagn: Tvær kennslustundir á viku.

Lýsing: Farið í grunnatriði grafískrar hönnunar: Miðlun upplýsinga, aðferðir hugmyndavinnu, myndvinnslu (Gimp), vektorteikningu (Inkscape), textavinnslu/leturfræði, umbrot og frágang fyrir prentsmiðju, upplýsingaleit, höfundarrétt, o.fl. Nemendur gera meðal annars plakatið og aðgöngumiðana fyrir árshátíð unglingsdeildar sem eru prentuð í prentsmiðju.

Hæfniviðmið:

- unnið sjálfstætt og tekið ábyrgð á eigin námsframvindu
 - vinnur í tímum
 - skilar á réttum tíma
- unnið á skapandi og gagnrýninn hátt, sjálfstætt og með öðrum
 - leggur sig fram um að skoða málin frá fleiri en einni hlið
 - ber ábyrgð sjálfstætt og í samvinnu við aðra
- beitt markvissum aðferðum við hugmyndavinnu
 - hugarkort (Mindmup, Realtime Board, o.fl. o.fl)
 - hugmynd þróuð í smáskissum yfir í fullgerða skissu og að endingu hreinteikningu
- nýtt hugbúnað/forrit og önnur gögn við upplýsingaleit
 - Google, Pinterest, upplýsingaveitur

- utanumhald um fundnar upplýsingar
- nýtt hugbúnað/forrit við teikningu á fjölbreyttan og skapandi hátt
 - Inkscape
- nýtt hugbúnað/forrit við myndvinnslu á fjölbreyttan og skapandi hátt
 - Gimp
- nýtt hugbúnað og forrit við einfalda uppsetningu og frágang prentgagna samkvæmt viðteknum viðmiðum
 - Inkscape
- kunni skil á og virði höfundarrétt og tilvísunum í hann
 - veit hvernig á að finna efni sem leyfilegt er að nota
 - kann að vísa í höfundarrétt

Námsefni: Innlagir, kennsluefni og verkefni frá kennara, Inkscape, Gimp og ýmis netlæg forrit.

Námsmat: Símat, leiðsagnarmat, sjálfsmat og jafningjamat. Lokaeinkunn í bókstöfum.

Hárgreiðsla

Tímamagn: Tvær kennslustundir á viku.

Lýsing: Nemendur fá innsýn í heim hársnyrtiiðnar sem er lögvernduð iðngrein. Unnið með tiskustrauma og stefnur í hári.

Markmið: Að nemandi:

- kynnist grunnundirstöðu í umhirðu hárs
- kynnist tiskustraumum í hári síðustu áratugi
- prófi verklegar æfingar í greiðslum
- kynnist hugmyndafræði og fagurfræði

Kennsluaðferðir:

- umræður
- hugmyndavinna
- verkleg vinna
- samvinna

Námsefni: Námsefni búið til af kennara, einnig verður skoðað efni á netinu sem á við hverju sinni.

Námsmat:

- virkni í tímum
- sjálfstæð vinnubrögð
- umgengni / frágangur
- heimavinna

- tímasókn

Heimanám

Tímamagn: Ein kennslustund á viku.

Markmið:

- að nemandi geti unnið heimavinnuna sína í skólanum þar sem hann getur fengið aðstoð kennara

Námsmat: Í áfanganum er ekki gefin einkunn heldur er áfanganum annað hvort lokið eða ólokið og er þá farið eftir mætingu, virkni og ástundun nemandans.

Heimilisfræði

Tímamagn: Þrjár kennslustundir á viku.

Markmið: að nemandi:

- þjálfist í mismunandi bakstursaðferðum
- geti útbúið mat frá ýmsum löndum
- þjálfist í að útbúa heimilismat og meðlæti
- þjálfist í að þrifa og ganga frá í eldhúsi
- þjálfist í að leggja fallega á borð
- þekki helstu dreifingarleiðir örvera og þann skaða sem þær geta valdið
- þjálfist í að leita að uppskriftum á vefnum/matreiðslubókum og áætli innkaup

Kennsluhættir: Kennsla er eingöngu verkleg.

Námsefni: Ljósritað námsefni, verkefni frá kennara og uppskriftum af vefnum.

Námsmat: Sjálfstæð vinnubrögð, umgengni/frágangur, virkni, samvinna og ástundun.

Hraðlestur

Tímamagn: Ein kennslustund á viku.

Markmiðið er að þjálfra lestur og minni til þess að bóklestur gangi skjótar og verði árangursríkari. Einnig að lestrarhraði sé aukinn sem og einbeiting og minni.

Hæfniviðmið:

- að nemandi geti skilið mikilvægi þess að geta lesið og eftt eigið læsi
- að nemandi geri sér grein fyrir eðli og einkennum margvíslegra textategunda og gert öðrum grein fyrir því

Hönnun og tölvuteikning

Tímamagn: Tvær kennslustundir á viku.

Lýsing: Í áfanganum hanna nemendur sína eigin hluti (t.d. skrautmunur, skartgripur, límmiði eða mynd á bol) og framleiða þá svo sjálfir í FabLab.

Markmiðið er að nemandi kynnist starfsemi FabLab, þjálfist í hönnun, tölvuteikningu og í sjálfstæðum vinnubrögðum

Í áfanganum verður farið í tvær heimsóknir í Fab Lab (Fabrication Laboratory) sem er stafræn smiðja með tækjum og tólum til að búa til nánast hvað sem er. Fab Lab smiðjan gefur ungum sem öldnum, einstaklingum og fyrirtækjum, tækifæri til að þjálfa sköpunargáfuna og hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd með því að hanna, móta og framleiða hluti með aðstoð stafrænnar tækni. (Nýsköpunarmiðstöð Íslands).

Hæfniviðmið: *að nemandi geti:*

- unnið sjálfstætt og tekið ábyrgð á eigin námsframvindu
 - vinnur í tímum
 - skilar á réttum tíma
- unnið á skapandi og gagnrýninn hátt, sjálfstætt og með öðrum
 - leggur sig fram um að skoða málin frá fleiri en einni hlið
 - ber ábyrgð sjálfstætt og í samvinnu við aðra
- nýtt hugbúnað/forrit við gerð útskurðarverkefna á vectorformati
 - Inkscape
- geta notað útskurðartæki til að skera út í ýmiss konar efni á skapandi og yfirvegaðan hátt í fablabverkstæði
 - Laserskeri
 - Vínylskeri
- beitt markvissum aðferðum við hugmyndavinnu
- kunni skil á og virði höfundarrétt og tilvísunum í hann
 - veit hvernig á að finna efni sem leyfilegt er að nota
 - kann að vísa í höfundarrétt

Námsefni: Námsferðir, Inkscape, ýmis önnur forrit og verkefni frá kennara.

Námsmat: Símat, leiðsagnarmat, sjálfsmat og jafningjamat. Lokaeinkunn í bókstöfum.

Íþróttافرæði

Tímamagn: Tvær kennslustundir á viku.

Markmið:

- auka þekkingu á þjálfifræðilegum hlutum íþróttamannsins s.s bæta þol, líkamsstyrk, íþróttameiðsl og íþróttasálfræði

Kennsluhættir: Bóklegir tímar ásamt heimaverkefnum í formi dagbókar sem einstaklingurinn heldur til að fylgjast með bættri heilsu.

Námsefni: Íþróttfræði ÍSÍ ásamt ítarefni.

Námsmat: Mæting, próf og dagbók.

Jiu- jitsu

Tímamagn: Tvær kennslustundir á viku.

Lýsing: Farið verður yfir námsefni World-Jiu-Jitsu Federation. Stefnum á að fara úr hvíta beltinu yfir í það græna. Hvítt, gult og grænt. Farið verður yfir helstu varnir gegn árásum, losnað úr lásnum.

Kennsluaðferðir: Kennt verður rétt aðferð við að sparka og kýla án þess að verða fyrir meiðslum. Stuttar styrktar- og liðleika æfingar.

Námsmat: Þátttaka í kennslustundum og ástundun.

Jólaval

Tímamagn: Tvær kennslustundir á viku.

Lýsing og verkefni: Ýmis verkefni tengd jólum. Öll kunnátta í textílmennt frá fyrra námi kemur sér vel. Nemendur hafa val innan ákveðinna marka hvað gert verður. Verkefni gerð eftir áhuga hvers og eins.

Markmið: Gera skemmtileg jólaverkefni og hafa gaman, hlusta á jólatónlist þegar það hentar.

Kennsluaðferðir: Innlögn frá kennara. Einstaklingsvinna og jafningjafræðsla. Því fleiri hugmyndir því skemmtilegra.

Námsmat: Ef nemendur temja sér og sýna fram á vönduð vinnubrögð, nýta sér fyrri færni og reynslu í textílmennt, sýna góðan og fallegan frágang verkefna, sýna fram á vinnusemi og mikið sjálfstæði, fá þeir fullt hús stiga sem er A í einkunn.

Kjaftað um kynlíf

Tímamagn: Tvær kennslustundir á viku.

Lýsing: Þetta námskeið er á vegum Félagsmiðstöðvarinnar Bólsins. Viltu fá meiri kynfræðslu en þú hefur nú þegar fengið? Þá er þetta valnámskeið fyrir þig.

Markmið:

- að nemendur fái almenna kynfræðslu og samtal um samskipti kynjanna
- að nemendur fái fræðslu um hvernig eigi að setja sér mörk og virða mörk annarra

Kennsluaðferðir: Umræður um nafnlausar spurningar, hópavinna o.fl.

Námsefni: Kjaftað um kynlíf og Ég virði mín mörk.

Námsmat: Virk þátttaka í kennslustundum og skil á verkefnum sem unnin verða.

Kvikmyndir

Tímamagn: Tvær kennslustundir á viku (kennt óreglulega vegna lengd kvikmynda).

Lýsing: Horft á „gamlar“ kvikmyndir og um þær rætt og skrifað. Ýmist gagnrýni eða stuttar ritgerðir um ákveðin efni eða leikara.

Markmið: Nemendur kynnist gömlum kvikmyndum og leikurum þeirra.

Kennsluaðferðir: Myndbönd og einstaklings- eða hóprítun.

Námsefni: Gamlar kvikmyndir.

Námsmat: Stuttar ritgerðir og virkni í tímum.

Líkamsrækt

Tímamagn: Tvær kennslustundir á viku.

Lýsing: Námið byggist á að nemendur kynnist því að æfa inn á líkamsræktarstöð. Mikilvægt er að þegar við stígum okkar fyrstu skref inn á líkamsræktarstöð að kunnátta sé fyrir hendi.

Markmið: að nemandi:

- læri rétta líkamsstöðu
- skilji tilgang og nauðsyn upphitunar
- læri rétta lyftingatekni

Kennsluaðferðir: Um er að ræða verklega kennslu sem fer fram í líkamsræktarstöð (World Class).

Námsmat: Gefið verður fyrir mætingu og virkni í tímum. Mætingaskylda er 80%.

Ljósmyndun og stafræn myndvinnsla

Tímamagn: Tvær kennslustundir á viku.

Lýsing: Farið í grunnatriði ljósmyndunar eins og myndbyggingu og önnur atriði sem hafa þarf í huga þegar ljósmyndir eru teknar. Grunnatriði myndvinnslu kynnt fyrir

nemendum ásamt nokkrum ráðum um hvernig hægt er að bæta og lagfæra myndir. Nemendur tileinka sér hugtök og orðaforða sem tengjast ljósmyndun. Markmið er að nemandi tileinki sér vinnubrögð við myndatöku þannig að í lok áfangans taki þeir betri myndir en áður og geti jafnframt útskýrt hvers vegna.

Hæfniviðmið:

- vinnur verkefni af samviskusemi og nýtir tíma vel
- tekur ábyrgð á eigin námsframvindu
- notar orðaforða og hugtök til að tjá sig um fyrirbæri tengd ljósmyndun
- getur nýtt grunnreglur ljósmyndunar við myndbyggingu
- þekkir aðferðir einfaldrar myndvinnslu
- getur gagnrýnt af þekkingu, sanngirni og virðingu eigin verk og annarra

Námsefni: Innlagnir, kennsluefni og verkefni frá kennara, myndvinnsluforritin Fotor og Gimp og ýmis netlæg forrit. Heftið „Stafræn ljósmyndun“, haft til hliðsjónar. Verkefni frá kennara. Nemendur þurfa að koma með stafræna myndavél (þokkaleg myndavél í snjallsíma dugir).

Námsmat: Símat. Lokaeinkunn gefin í bókstöfum.

LOTR – Lord Of the Rings

Tímamagn: Tvær kennslustundir á viku.

Lýsing: Fyrir alla þá sem hafa áhuga á ævintýrum Tolkiens. Lögð verður áhersla á aðalpersónur, upphaf og bakgrunn, heim þeirra og brot úr bókum og myndum Peter Jacksons skoðuð.

Kennsluhættir: Nemendur þurfa að sýna sjálfstæð vinnubrögð við öflun upplýsinga, undirbúa kynningar og taka þátt í rökræðum.

Námsmat: Ýmis verkefni sem unnin eru út frá myndum metin.

Mósaík

Tímamagn: Tvær kennslustundir á viku.

Lýsing: Hlutir hannaðir út frá sköpun og leikni hvers og eins. Hannað og skapað fyrst í teikningum sem eru yfirfærðar í mósaík. Endurnýting á hráefni sem hefur verið notað í annað t.d afgang flísar, keramik bollar, speglar, diskar, gömul mynt tölur og fl.

Verkefni:

- spegill
- mynd
- jafnvel annað ef hugmyndin er góð og framkvæmanleg

Markmið: að nemendur:

- þjálfast í mismunandi útfærslu verkefna

- sýni frumkvæði í eigin vinnu
- leggi áherslu á sjálfstæð vinnubrögð í vinnu sinni
- sýni leikni og sköpun í hugmyndavinnu
- öðlist þekkingu og aukna færni í nýtingu efna
- endurnýta hráefni

Kennsluaðferðir:

- verkleg kennsla
- innlagnir

Hæfniviðmið:

- vinnur verkefni af samviskusemi og nýtir tíma vel
- tekur ábyrgð á eigin námsframvindu og klára verkefni á réttum tíma

Námsmat: Virkni í tímum, hugmyndavinna, verkefni, ástundun og hegðun.

Myndvinnsla í Gimp (svipað Photoshop)

Tímamagn: Tvær kennslustundir á viku.

Lýsing: Farið í grunnatriði myndvinnslu í Gimp (svipað forrit og Photoshop). Nemendur kynnst helstu verkfærum, aðferðum og stillingum sem notaðar eru í myndvinnslu og byggja þannig upp færni til að vinna æ flóknari og fjölbreyttari myndir.

Hæfniviðmið:

- unnið sjálfstætt og tekið ábyrgð á eigin námsframvindu
 - vinnur í tímum
 - skilar á réttum tíma
- unnið á skapandi og gagnrýninn hátt, sjálfstætt og með öðrum
 - leggur sig fram um að skoða málin frá fleiri en einni hlið
 - ber ábyrgð sjálfstætt og í samvinnu við aðra
- nýtt hugbúnað/forrit við myndvinnslu á fjölbreyttan og skapandi hátt
 - Gimp
- kunnir skil á og virði höfundarrétt og tilvísunum í hann
 - veit hvernig á að finna efni sem leyfilegt er að nota
 - kann að vísa í höfundarrétt

Námsefni: Innlagnir, kennsluefni og verkefni frá kennara, Inkscape, Gimp og ýmis netlög forrit.

Námsmat: Símat, leiðsagnarmat, sjálfsmat og jafningjamat. Lokaeinkunn í bókstöfum.

Núvitund og slökun

Tímamagn: Tvær kennslustundir á viku.

Lýsing: Valfagið Núvitund og slökun. Nemendur velja valfagið til að kynnast núvitund, hugleiðslu og slökun. Allir tímar eru verklegir og þarf hver nemandi að gera sitt besta í hverri kennslustund.

Markmið að nemandi:

- kynnist núvitund, hugleiðslu og slökun
- skilji mikilvægi góðrar samvinnu og framkomu
- taki virkan þátt og geti beitt virkri hlustun
- sýni jákvæðni og kunni að taka ábyrgð á sjálfum sér
- taki þátt í uppbyggilegum samræðum
- leggi sig fram og taki tillit til hvors annars
- geti metið eigin frammistöðu
- kynnist einföldum jógaæfingum

Kennsluaðferðir:

Kennari leggur inn æfingar, stjórnar umræðum og leiðbeinir með jákvæðri og uppbyggilegri gagnrýni. Nemendur taka sjálfsmat í lok annar.

Námsefni: Frá kennara.

Námsmat: Nemendur eru metnir í formi *Lokið/ólókið* ásamt umsögn um virkni og þátttöku í kennslustundum. Til þessa að ljúka við valfagið þarf að skila skriflegum verkefnum sem verður í formi eins konar leiðarþókar. Nemendur eru hvattir til að stunda hugleiðslu a.m.k. 3x í viku og nýta sér þær æfingar sem við gerum í kennslustundum.

Nytjaprjón

Tímamagn: Tvær kennslustundir á viku.

Lýsing: Farið verður í undirstöðuatriði í prjóni og upprifjun á helstu prjónaaðferðum. Tilvalið fyrir áhugasama prjónara.

Verkefni:

- nemendur velja að prjóna barnapeysu eða sokkar/vettlinga á sjálfa sig.
- einhver heimavinna mun verða á tímabilinu.

Markmið: Að nemendur öðlist enn meiri færni og verði sjálfstæðari við prjónaskap.

Kennsluaðferðir: Verkefni lögð fyrir hóp og síðan einstaklingskennsla og vinna. Áhersla lögð á ástundun, frumkvæði, sköpun og vandvirkni. Brýnt er fyrir nemendum að temja sér vönduð vinnubrögð, góðan frágang verkefna.

Námsmat: Áhersla er lögð á sjálfstæði og góðan frágang verkefna. Verkefni metin jafnt yfir tímabilið samkvæmt hæfniviðmiðum textílmenntar, skólanámskrár.

Spáð og spekúlerað

Tímamagn: Tvær kennslustundir á viku.

Lýsing: Í tímunum munum við þjálfar okkur í að spá og spekúlera. Við ræðum ákveðin efni, tókum afstöðu og rökstyðjum hana. Námskeiðið er með heimspekilegu ívafi og er ætlað nemendum sem hafa áhuga á að efla gagnrýna hugsun hjá sér og styrkja sig í að tala fyrir framan hóp. Það að hugsa gagnrýnið er mjög mikilvægt, í því felst m.a. að trúá ekki hverju sem er án umhugsunar og það hjálpar okkur að vega og meta kostina sem standa okkur til boða. Í tímum er krafist mikillar þátttöku nemenda, þeir þurfa að ræða saman, taka afstöðu og rökstyðja hana. Í hverri viku fá nemendur nýtt verkefni sem þeir þurfa að glíma við. Sem dæmi um tíma þá verður skipt í lið, með og á móti ákveðnu efni, nemendur eiga að pæla í hvernig manneskjur þau vilja verða, hvers vegna er heimavinna, af hverju leggja sumir krakkar aðra í einelti, "hvað ef...?" spurningar o.s.frv.

Námsefni: og verkefni verða sett inn á Google classroom. Meðal annars verður stuðst við bókina 68 æfingar í heimspeki, sem hægt er að nálgast rafrænt á mms.is

Námsmat: Símat, kennari mun meta þátttöku nemenda í hverjum tíma og hversu vel hann tileinkar sér efnið, frammistaða og framfarir og vinna verkefna. Einnig verður notast við sjálfsmat og jafningjamat.

Spilum saman

Tímamagn: Tvær kennslustundir á viku

Lýsing: Flestir hafa gaman af því að spila, það reynir á rökhugsun, kænsku, smá heppni og samskipti við spilafélagana. Í þessu vali spilum við saman alls kyns spil, borðspil og venjuleg. Hér reynir líka á kænsku og traust.

Markmiðið:

- að efla samskipti og félagsfærni
- að efla rökhugsun, einbeitingu og úthald

Námsmat: Virkni í tímum, áhugi, ástundun og hegðun.

Spænska – byrjendur

Tímamagn: Tvær kennslustundir á viku.

Lýsing: Góður undirbúningur undir nám á málabraut í framhaldsskóla.

Markmið: Að nemendur

- læri helstu framburðarreglur og tileinki sér þær.
- skilji einfaldan texta og léttar samræður
- geti tjáð sig munnlega og skriflega um daglegt líf
- kynnist landafræði, menningu og lifnaðarháttum á Spáni og í Suður- og Mið-Ameríku

- nái tókum á einföldum grundvallaratriðum í málfræði

Kennsluaðferðir: Lögð er áhersla á að þjálfna færniþættina fjóra samtöl, hlustun, lestur og ritun og til þess notaðir eftirtaldar aðferðir: innlagnir, lestur, hópavinna, hlustun, ritun, umræður, vinnubókarkennsla, töflukennsla, netið, kvikmyndir o.fl.

Námsefni: „Mundos Nuevos 1“ lesbók, vinnubók og hljóðdiskur auk ýmissa ljósrita og verkefna frá kennara, efni á vef og kvikmynda.

Námsmat: Símat þar sem tekið er mið af verkefnavinnu, vinnu í tímum, vinnubók og könnunum.

Stíll hönnunarkeppni í samstarfi við félagsmiðstöðina Bólið-Lágó

Tímamagn: Kennt einu sinni í viku 2 kennslustundir í senn, sep-nóv. Þegar nær dregur keppni þá geta tímasetningar færst til og vegna undirbúnings fyrir keppnina.

Lýsing: Stíll er árleg hönnunarkeppni á milli félagsmiðstöðva grunnskólanna þar sem keppt er í hárgreiðslu, förðun og fatahönnun út frá ákveðnu þema.

Viðfangsefni er að undirbúa og gera verkefni fyrir Stíl – hönnunarkeppni, félagsmiðstöðva grunnskóla. Undankeppni fer fram í félagsmiðstöðinni Bólið nóv- des, og þeir sem vinna taka þátt í lokakeppni sem fer fram jan-feb. Endanlegar dagsætningar ekki komnar.

Markmið: Stíll – hönnunarkeppni hvetur unglunga til listsköpunar og er hvatning að frumlegri sköpun og hugsun.

Lokamarkmið: Taka þátt í keppni og nemendur sýna fram á upphaf ferlis til lokaafurðar.

Stærðfræði - grunnur

Tímamagn: Ein kennslustund á viku.

Lýsing: Stærðfræðiheimanám þar sem farið er í grunnatriði í stærðfræði s.s. almenn brot, prósentur, rúmfræði og algebru. Hugsað fyrir nemendur sem þurfa að styrkja grunnþekkingu sína í stærðfræði.

Markmið: auka hæfni nemenda í grunnatriðum stærðfræðinnar.

Kennsluaðferðir: Innlögn og verkefnavinna.

Námsefni: Ýmis verkefni frá kennara.

Námsmat: Virkni í tímum, verkefnavinna og kannanir.

Útivist

Tímamagn: Tvær kennslustundir á viku. Ótímasett val.

Lýsing: Áfanginn er samansettur af þremur til fjórum ferðum. Kennslan fer fram á virkum dögum. Hver tími er auglýstur fyrirfram á skilaboðatöflu við skrifstofu. Tekið

skal fram að skylt er að halda hópinn í öllum ferðunum. Unnið er með atriði eins og samvinnu, tillitsemi og háttvísi. **Einnig er líklegt að nemendur þurfi að bera einhvern kostnað af ferðunum.**

Fatnaður og útbúnaður: Mikilvægt er að hafa hlýjan og skjólgóðan fatnað í þeim ferðum sem við á. Vasaljós fyrir hellaferðir og skíðabúnað fyrir skíðaferðir o.s.frv..

Markmið:

- að nemendur kynnist þeim mismunandi möguleikum til útivistar og hreyfingar í umhverfi okkar á Íslandi

Kennsluaðferðir: Verkleg kennsla.

Námsmat: Gefið er í bókstöfum. Nemendur þurfa að mæta í ferðirnar og virða reglur sem settar eru af kennurum til að standast áfangann. Þeir nemendur sem ekki komast í ferðir þurfa að skila ritgerð eigi síðar en viku eftir að ferð er farin. Einnig er ætlast til að nemendur sýni sjálfstæð vinnubrögð og góða framkomu.

Vatnslitamálun

Tímamagn: Tvær klukkustundir á viku.

Lýsing: Kynntar verða helstu aðferðir í vatnslitamálun og verkefni unnin út frá þeim

Markmið:

- að nemendur geti greint og beitt fjölbreyttum aðferðum og tækni
- að nemendur geti tjáð skoðanir og tilfinningar í eigin sköpun
- að nemendur geti sett fram hugmyndir byggðar á eigin ímyndunarafli
- að nemendur geti sýnt frumkvæði í góðri umgengni, frágangi og vinnusemi

Kennsluaðferðir: Innlögn, kynning og umræður um verkefni dagsins, einstaklingskennsla

Námsmat: Símat – öll vinna nemenda er lögð til grundvallar námsmati. Gefin er einkunn í bókstöfum í lok annar.

Vélmennaforritun

Tímamagn: 2-3 kennslustundir á viku á viku fyrir áramót, stefnt er að taka þátt í keppninni First lego league sem verður um miðjan nóvember.

Markmið:

- vekja áhuga ungs fólks á vísindum og tækni, leiðtogahæfni og lífsleikni

Kennsluhættir: Verkefnavinna og fyrirlestrar, **allir** þurfa að vera tilbúnir til að vinna. fyrir utan skóla að verkefnum sínum.

Námsmat: virkni í tímum, mæting og skil á verkefni.

Ökufræði – fornám að ökuþrófi 10. bekkur

Tímamagn: Tvær kennslustundir á viku.

Lýsing: Miðað að því að undirbúa nemendur undir ökuþróf

Markmið: gera tilvonandi ökumenn

- hæfari að setjast í ökuskólann þegar þar að kemur
- hæfari að meðtaka það sem þar er kennt
- hæfari að byrja ökunám
- hæfari ökumenn
- viðhorfsmótun gagnvart ölvunarakstri
- viðhorfsmótun gagnvart hraðakstri

Námsgögn: Bókin „Akstur og umferð“ eftir Arnald Árnason. Farið er í 4.kafla „Vegurinn og umhverfi hans“ og 5. kafla „Í umferðinni“. Farið er yfir umferðarmerki og lauslega í umferðarlög. Horft er á stutt kennslumyndbönd og unnin verkefni.

Kennsluhættir: Reynt er að gera námið áhugavert og skemmtilegt með krefjandi verkefnum og stuttum myndbrotum úr umferðinni sem fundin eru á netinu er varða kennsluefnið í bland við alvarleikann sem að baki þessu námi býr. Fulltrúi frá einu tryggingafélagi kemur í heimsókn og talar við nemendur.

Námsmat: Ástundun og vinnusemi er metin þannig að nemendur fá lokið/ólokið fyrir áfangann.

Vinnustaðaval

Tímamagn: Tvær klukkustundir á viku.

Lýsing: Nemendur fá að taka þátt og fylgjast með á þeim vinnustað sem þeir fá úthlutað.

Markmið:

- að nemendur skilji betur kröfur og væntingar vinnumarkaðarins
- að nemendur fái innsýn inn í hin ýmsu störf
- að nemendur öðlist aukna þekkingu á starfsgreininni

Kennsluaðferðir: Verkleg kennsla.

Námsmat: Vinnuveitandi gefur nemendum umsögn eftir önnina. Einnig gera nemendur skýrslu eftir hverja viku, sem skilað er í lok annar.

